

1872.

5. nóvbr.

yrði að álíta gagnstæða lagaböðinu, en sem einnig mundi gjöra mönnum ójafnt undir höfði og halla á rétt annara gjaldenda.

Þótt stjórnarráðið þanning hafi látið í ljósi álit sitt um skilning þessa máls eftir lögum, látum vèr samt ekki hjá líða, að leiða athygli yðar að því, að það muni vera hagfelldast, að sýna ekki of mikla eptirgangssemi í því, að heimta það gjald, sem ógoldið er.

6. nóvbr.

106. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtámannsins yfir Íslandi, um hafnar-reglugjörð fyrir Reykjavík.

Með bréfi, dagsettu 23. septbrm. þ. á., hafið þér, herra stiptamtámaður, sent hingað álit frá hafnarnefndinni og bæjarstjórninni í Reykjavík um frumvarp til hafnar-reglugjörðar fyrir tæðan kaupstað, sem fylgdi bréfi stjórnarráðsins 18. júní þ. á., og er í því áliti stungið upp á, að ákvörðunin í frumvarpinu I., 3. tölulið, 2. og 3. atriði, um gjald af opnum bátum og flutningsbátum falli burt, að ákvörðunin í sama tölulið, 1. atriði, sé bundin við að þiljubátarnir sé að rúmmáli 10 tons, og að bætt verði við á eptir orðunum í IV.: „Öll skip, er ríkið á, sem hafa hermerki og veifu“ „og sem eigi eru höfð til flutningsferða“; útaf þessu hafið þér, herra stiptamtámaður, lagt til, að fyrsta breytingin verði tekin til greina, sumpart vegna þess, að öpnir bátar að eins endrum og sinnum sé hafðir til vöruflutnings milli bæjarins og annara verzlunarstaða, og sumpart sökum þess, að gjald það, sem stungið er uppá í frumvarpinu svo sem af $\frac{1}{2}$ ton, sé svo lítið, að það, eins og hafnarnefndin hafi getið, hrökkvi ekki til þess kostnaðar, sem mundi verða samfara heimtingu gjaldsins, enda vili það sjaldan til, að flutningsbátar sé hafðir til þess að afferma eða hlaða skip, sem eigi þegar sé búið að greiða gjald af samkvæmt reglugjörðinni. Aptur ámóti hafið þér, herra stiptamtámaður, ráðið frá því, að láta gjaldið af þiljubátum vera komið

undir því, að þeir sè að rummáli 10 tons, með því engin ástæða virðist vera til þess, og eruð þér ennfrémur á móti því, að því verði bætt við, að skip, sem ríkið á, og sem hafa herflagg og veifu, sè ekki höfð til flutningsferða, eigi þau að komast hjá gjaldinu, því þetta breytingar-atkvæði sè sprottið af miskilningi og ótta fyrir því, að póstagufuskipið skyldi njóta hags af því, sem fyrir er mælt í IV., þegar svo er, sem nú, að ríkið á það, og skipstjórnarmaður er úr sjóliðinu.

Með því stjórnarráðið í þessu tilliti verður að fallast á atugasemdir yðar, höfum vèr í dag lagt samþykki vort á hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkur kaupstað, sem alveg er samhljóða frumvarpi því, sem fylgdi með bréfi dómsmálastjórnarinnar 18. júní þ. á., að því undanteknu, að I., 3. töluliður, 2. og 3. atriði er fellt úr. Jafnframt og vèr sendum tæð frumvarp, mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, sjáið um, að það komi út á sama hátt og hafnartaxtarnir áður fyrir Reykjavíkur kaupstað.

(Fylgiskjal)

Hafnarreglugjörð fyrir Reykjavíkur kaupstað.

I. Hafnartollur:

1. Fyrir öll skip, sem metin eru til rúmmáls, hvort heldur þau eru fermd varningi, tóm, eða hafa seglfestu, gjaldist eptir fullu rúmmáli þeirra eptir tons bæði við innsigling og útsigling, þannig:

a. fyrir öll innanbæjarskip, sem þeir menn eiga, samkvæmt tilhlýðilegum heimildarbréfum, sem eru búsettir í Reykjavík og eigi jafnframt hafa heimili annarstaðar, skal gjalda $1\frac{1}{2}$ sk.

b. en fyrir utanbæjarskip, innlend eða útlend, skal greiða $2\frac{1}{2}$ sk.,

2. Ef skip er annaðhvort fermt eða affermt á höfninni, skal auk þess gjalds, sem getið er í 1. tölulið, hvort heldur sem

Tið. um stjórnarmál. III.

1872.

6. nóvbr.

eru innanbæjarskip, innlend eða útlend, ennfremur gjalda eptir fullu rúmmáli þess, fyrir hvern ton 5¹/₂ sk.

Ef sama skip á einu ári siglir optar inn á höfnina, skal að eins greiða gjöld þau, sem nefnd eru í 1. og 2. tölulið, að fullu í fyrsta skipti á því ári, en hin skiptin skal að eins borga ³/₄ af gjöldum þessum.

3. Fyrir innanbæjar þiljubáta, sem eigi eru metnir til rúmmáls, skal greiða gjald það, sem talið er í 1. tölulið, sem fjöggra tons skip væri, en eigi utanbæjarmenn, þá skal gjalda sem fyrir 8 tons.

4. Liggi skip á höfninni lengur en 6 vikur, þegar með taldir eru bæði komudagur og burtfarardagur, og eigi utanbæjarmenn eða útlendingar, og eigi það sèr stað einhvern tíma frá 15. degi marzm. til 14. dags desbrm., og sè hvor þessara daga með talinn, gjaldist ¹/₈₄ af gjaldi því, sem talið er í 1. tölulið, fyrir hvern þann dag, er skipið liggur lengur en 6 vikur; ef skip liggur lengur á höfninni en 6 vikur einhvern tíma frá 15. degi desbrm. til 14. dags marzm., að báðum dögum meðtöldum, skal ekkert greiða fyrir það. Ef skip leggur til hafnar fyrir 14. desbrm. og heldur fyrstá burtu eptir 14. dag marzm., skal leggja saman þá daga, er það var fyrir 14. dag desbr. og eptir 14. dag marzm., og skal eptir þeim talið, hvort skipið hafi verið lengur en 6 vikur á höfninni.

Alla þá tolla, sem nefndir eru í 1. tölulið, skal greiða, þegar skipin kasta akkerum fyrir innan eyjar þær, sem um höfnina lykja.

Gjöldin skal og greiða fyrir skip, er leita hafnar sökum andviðra, storma eða því um líks.

II. Fyrir vitaljósker þau, sem sett eru við innsiglinguna á höfnina, skal sá, sem heimtar, að kveikt sè á þeim, borga fyrir 14 fyrstu næturnar, sem logaráljóskerunum, fyrir hverja nótt 64 sk. fyrir næstu 14 næturnar 48 — þar á eptir fyrir hverja nótt 32 —

Þessa borgun skal greiða, hvort sem það skip, sem beðið er um að kveikt verði fyrir, kemur til hafnarinnar eða ekki. Eigi verður kveikt á ljóskerunum, nema hafnarnefndin verði beðin þess.

1872.

6. nóvbr.

III. Auk þeirra gjalda, sem talin eru, skal ennfremur greiða:

1. strandtoll, ef skip er lagt upp í fjöruna, til að hreinsa það eða endurbæta, hvort heldur eru innanbæjarskip eða utanbæjarskip, innlend skip eða útlend, um hvern dag, fyrir hvern ton 1 sk.;

2. seglfestugjald, ef seglfesta er flutt í skip eða úr skipi á lóð bæjarins, hvort heldur eru innanbæjar skip eða utanbæjar skip; innlend eða útlend, eftir fullu rúmmáli skipsins, fyrir hvern ton 1 sk.

IV. Öll skip, sem ríkið á, og sem hafa herflagg og veifu, eru undanþegin hafnargjöldum; sama er og um útlend herskip, þegar þau eru eins útbúin.

Undanþegin hafnargjöldum eru öll skip danskra þegna, þau sem eru á fiskiveiðum við ströndur Íslands, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eða í þau, annar en sá, sem snertir afla þeirra eður fiskiveiðar.

Nú hefir skip beðið skemmdir á sjó og leitar til hafnar fyrir þær sakir, þá er það undanþegið hafnargjöldum, ef það flytur að eins í burtu allan þann farm, sem það kom með, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða hefir verið á skipinu.

V. Dufl það, sem lagt er á höfnina, má nota til þess að flesta skip við án annars endurgjalds en þeirra gjalda, sem nefnd eru í I. kafla að framan.

Ef fleiri skip vilja samstundis leggjast við duflið, skal hafnarnefndin skera úr, hvert skipið eigi að komast að. Liggja skip meir en viku við duflið, má hafnarnefndin leyfa öðru skipi að komast að, ef henni finn st ástæða til þess. Skip, sem eru minn að rúmmáli en 40 tons, mega ekki liggja við duflið, ef stærri skip vilja liggja við það.

VI. Seglfestu má ekki taka á lóð bæjarins nema þar, sem lögreglustjórinn vísar til. Seglfestu má eigi kasta út á höfninni.

1872.

6. nóvbr.

Þessi reglugjörð öðlast gildi 1. jan. 1873, og skal innan ársloka 1877 endurskoðuð.

6. nóvbr.

107. Bréf dómstjórinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um byggingu fangelsa þar í umdæminu.

Í bræfi, dagsettu 11. júním. 1870, hafði þér, herra amtmáður, eftir undirlagi stjórnarráðsins látið uppi álit yðar um stærð og fyrirkomulag þeirra tveggja fangelsa, sem á að byggja í vesturumdæminu; eftir að vör þarnæst útaf þessu bræfi yðar höfðum leitað álits stiptamtannsins yfir Íslandi, og ráðgast við forstjóra fangelsisstjórnarinnar, hefir timburmeistari *Klentsz*, sem tókst á hendur að byggja hegningarhúsið í Reykjavík, eftir áskorun dómstjórinnar samið tvær áætlanir, sem fylgja með bræfi þessu, um byggingu fangelsis á borð við þau, sem hér er verið að ræða um, og um kostnaðinn við það, og þykist hann geta byggt hvort fangelsi fyrir 3805 rd. 64 sk. eftir áætlun þeirri, sem merkt er A, og fyrir 3819 rd. 26 sk. eftir þeirri áætlun, sem merkt er með stafnum B; skuli í hvoru fangelsi vera 4 klefar, af sömu stærð og klefarnir í hegningarhúsinu, varðstofa handa þeim manni, sem fyrir hönd sýslumanns á að hafa beinlínis umsjón með föngunum, rúm til eldiviðar og áhalda, og þar að auki fangagardar með kömrum. Þótt stjórnarráðið fyrir sitt leyti sè helzt á því, að kjósa áætlun þá, sem merkt er A, vegna þess að fangelsisklefarnir eftir henni liggja að öllu leyti sèr, — en það þykir þeim mun fremur áriðandi sökum þess, að búast má við, að umsjónin verði eigi svo tryggjandi, sem æskilegt væri í sjálfu sèr —, er það samt í nokkrum efa um, hvort byggingarlag það, sem stungið er uppá, sè hagfellt eftir loptslagi á Íslandi — en samkvæmt því verða þrír veggir á klefunum útveggir — og hvort komizt verði að öllu leyti hjá annmörkum þeim, sem búast má við í þessu tilliti, með því, að veggirnir verði hafðir tvöfaldir, og látið á milli papp, eins og timburmeistari *Klentsz*